

Mál nr. 382/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn váttryggingartaka: X

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot móttakið 11. nóvember 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 15. desember 2022, ásamt fylgiskjölum.
3. Bréf lögmanns M, dags. 16. janúar 2023.
4. Tölvupóstur V, dags. 24. janúar 2023.
5. Myndband.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M slasaðist við vinnu sína hjá X hinn 4. nóvember 2021. Atvikum er lýst þannig í tjónstilkynningu M til V dags. 6. febrúar 2021 að M hafi slasast þegar hann var að tæma gám með þvottavélum á bílplani við húsnæði X. Nánar tiltekið hafi hann misst tök á þvottavél sem hafi dottið framan/ofan á hann úr um 2 metra hæð þannig að hann hafi fengið hnykkáverka í mjóbak. Í gögnum málsins liggja fyrir skriflegar og undirritaðar yfirlýsingar frá samstarfsmönnum M dags. 13. og 14. október 2022 um að ekki hafi verið formlegar vinnureglur/verklagsreglur um hvernig ætti að tæma gáma með þvottavélum og öðrum tækjum. Í tjónstilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands dags. 10. nóvember 2020 af hálfu M og 11. nóvember 2020 af hálfu V er atvikum þannig lýst að M hafi verið að losa gám og hann hafi misst 80 kg þvottavél á brjóstkassann úr 2 metra hæð þannig að hann hafi fengið hnykk á mjóbak. Tilkynning til Vinnueftirlitsins ber með sér að 9. nóvember 2020 hafi X verið tilkynnt um slys M og þar segir að hinn slasaði hafi verið að tæma gám með þvottavélum þegar hann skyndilega missti tak á einni vélinni og fær hana ofan á sig. Í þeirri tjónstilkynningu er starfsgrein M tiltekin sem „lagermaður og áfylling á hillur“.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á afleiðingum slyss hans og þannig eigi hann bótarétt úr ábyrgðartryggingu X hjá V. M vísar til þess að sönnun liggja fyrir um hvernig slys hans atvikaðist og hann hafi verið einn að flytja til þvottavélar þar sem heppilegra hefði verið að tveir væru við störf. Yfirlýsingar tveggja samstarfsmanna hans staðfesti hins vegar að engar verklagsreglur hafi verið um að tveir ættu að vinna umrætt verk, en þær hafi síðan verið settar eftir slys M hvað það varðar að nú verði tveir menn að taka efstu þvottavélina niður en ekki einn. Einnig vísar M til þess að slys hans hafi ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlitsins og þannig eigi að leggja frásögn hans til grundvallar atvikum skv. dómaframkvæmd. M vísar til þess að aðstæður hafi verið þröngar þar sem hann var að taka þá þvottavél niður úr 2 metra hæð og þannig hafi hann ekki getað brugðist öðruvísi við þegar hann missti takið á þvottavélinni. M vísar til þess að X hafi ekki sinnt skyldum sínum skv. lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Vísar hann þar einkum til ákvæða 13., 21.-23., 37. og 42. gr. laganna. Einnig bendir M á að ekki hafi verið fyrir hendi á vinnustað X svokallaðir pressugafflar til að klemma utan um þvottavélarnar til að auðvelda flutning þeirra. Einnig telur M að verkstjórn hafi verið ábótavant.

V hefur hafnað bótaskyldu og vísar í fyrsta lagi til þess að M hafi verið ráðinn til starfa sem lagerstjóri hjá X og hafi þannig haft með hendi verkstjórn á vinnustaðnum í greint sinn. Það hafi því verið hans hlutverk að skipuleggja og stjórna vinnu í umrætt sinn sem og að breyta verklagi ef það var ekki nægilega öruggt í skilningi ákvæða laga nr. 46/1980. Einnig bendir V á að M hafi ekki lagt fram óvinnufærnisvottorð fyrr en 9. nóvember 2020 vegna slyssins og þann dag hafi það verið tilkynnt til Vinnueftirlitsins og sé því ekki hægt að meta X það til sakar að hafa ekki tilkynnt fyrr. V bendir einnig á að myndband sem lagt hafi verið fram sýni ekki hvenær það var tekið upp.

Í viðbótathugasemdum lögmanns M dags. 16. janúar 2023 koma m.a. fram mótmæli um að M hafi verið lagerstjóri á slysdegi og leggur áherslu á að M hafi verið óvinnufær frá slysdegi og þannig hafi tilkynningarskylda X til Vinnueftirlitsins verið fyrir hendi. Önnur sjónarmið lögmanns M í þeim athugasemdum er fyrst og fremst ítrekun á þeim sjónarmiðum sem koma fram í málskoti.

V bendir síðan á í sínum viðbótarathugasemdum dags. 24. janúar 2023 að undirritaður ráðningarsamningur M og X dags. 18. júní 2020 feli í sér að hann hafi verið ráðinn til starfa sem lagerstjóri. Einnig bendir V á að yfirlýsingar samstarfsmanna M um verklag eða skort á reglum um slíkt séu dagsettar 2-3 árum eftir slysdag og séu því ekki samtímagagn.

Álit.

Af gögnum málsins má ráða að ágreiningur er um hvort í gildi hafi verið sérstakar verklagsreglur um hvernig ætti að færa þvottavélar til á lager X og hvort M hafi haft sérstakt hlutverk við að móta slíkar reglur og hver staða hans var hjá X. Yfirlýsingar dagsettar tæpum 2 árum eftir slys M sýna að tveir samstarfsmenn M fullyrða að engar verklagsreglur hafi verið yfir hendi um hvernig ætti að færa umræddar þvottavélar til. V hefur ekki lagt fram gögn sem sýna annað og verður sönnunargildi umræddra yfirlýsinga ekki gert að engu þrátt fyrir að sá tími hafi liðið frá slysi M þar til að yfirlýsingar voru gerðar. Af almennum ákvæðum laga nr. 46/1980 verður ekki annað ráðið en að X hafi haft skyldur til að tryggja öryggi og góðs aðbúnaðar á vinnustað. Miðað við þau gögn sem liggja fyrir um framkvæmd þess verks sem M hafði með höndum á slysdagi verður að meta það X til sakar að hafa ekki haft skýrar verklagsreglur um hvernig ætti að flytja þvottavélar til úr tiltekinni hæð, en af tjónstilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands dagsett og undirrituð 11. nóvember 2020 af hálfu X kemur fram að M hafi verið að færa þvottavél úr 2 metra hæð. Það stendur X nær að leggja fram gögn um hvernig verklagi er háttað á vinnustaðnum og getur ekki vísað til almennra skyldna lagerstjóra um almennt skipulag vinnu til að komast hjá því. Hvað varðar stöðu M sem lagerstjóra verður ekki ráðið af gögnum sem liggja fyrir í málinu að M hafi haft þær sérstöku skyldur að útbúa verklagsreglur vegna þessara sérstöku aðstæðna og verður einnig að telja að það standi X nær að sýna fram á það. Að þessu sögðu verður að telja að X beri skaðabótaábyrgð á afleiðingum líkamstjóns M þar sem ekki sé sýnt að skipulag vinnunnar hafi verið fullnægjandi af hálfu X. Hvað varðar háttsemi M sjálfs telst hún ekki fela í sér stórkostlegt gáleysi í skilningi 23. gr.a skaðabótalaga nr. 50/1993 og verða bætur til hans því ekki takmarkaðar vegna meðábyrgðar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 14. febrúar 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Anna Dögg Hermannsdóttir